

4. Biðskylda verði sett á Oddagötu gagnvart Eyrargötu og Þórsgötu.
5. Biðskylda verði sett úr króki (Strandgötu) gagnvart Strandgötu.
6. Biðskylda verði sett á Eyrargötu gagnvart hafnarsvæði.
7. Sett verði upp fjögur vinnusvæðamerki á hafnarsvæðinu:
 - A. við enda hafnarsvæðis við Þórsgötu.
 - B. við enda Eyrargötu við hafnarsvæði.
 - C. við neðanvert bifreiðastæði Straumness hf.
 - D. í vatnskrók.
8. Biðskylda verði sett í norðurenda Mýra.

Patreksfirði, 19. júlí 1991.

Fyrir hönd sveitarstjóra Patrekshrepps,
Sigurður Ingi Guðmundsson.

AUGLÝSING

um umferð í Fellabæ, Norður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaganna nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Fellahrepps hafa eftirfarandi reglur verið ákveðnar um umferð í Fellabæ, og gilda þær frá 1. september 1991.

1. gr.

Við gatnamót Austurlandsvegur og Smiðjusels, er biðskylda á Smiðjusel.

2. gr.

Við gatnamót Austurlandsvegur og Einhleypings, er biðskylda á Einhleyping.

3. gr.

Við gatnamót Austurlandsvegur og ónefndrar götu gegnt Einhleypingi, er biðskylda á ónefnda götu.

Lögreglustjórinn í Norður-Múlasýslu, 16. júlí 1991.

Helgi Jensson, fulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur, er taki gildi 1. ágúst 1991:

Gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur, nr. 77, 19. febrúar 1991:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 4,5%

Iðnaðarráðuneytið, 26. júlí 1991.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Jón Ingimarsson.